

Fornleifaskráning í Kópavogi í landi Vatnsness vegna aðgengis að Þríhnúkagíg



September 2011

Katrín Gunnarsdóttir

fornleifafræðingur MA

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	4
SÖGULEGAR HEIMILDIR	6
LANDAMERKI	7
Afréttur Vatnsendajarðar sunnan og austan við Heiðmerkurlandið	8
Landamerki jarðarinnar Vatnsenda að sunnan og austan við Heiðmerkurlandið	8
Skíðasvæðið í Bláfjöllum	9
ÖRNEFNI	10
Kóngsfellin	11
FORNLEIFASKRÁNING	13
NIÐURSTÖÐUR	15
SAMANTEKT	16
HEIMILDASKRÁ	17
LOFTMYNDIR MEÐ FORNLEIFUNUM	18

INNGANGUR

Fyrir hönd VSÓ Ráðgjafar óskaði Friða Björg Eðvarðsdóttir í júní 2011 eftir því við mig, Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðing, að vinna fornleifaskráningu vegna vegstæðis, bílastæðis og aðkomubyggingar, sem munu verða liður í fyrirhuguðu aðgengi að Þríhnúkagíg í landi Vatnsenda í Kópavogi.

Fornleifaskráning hefur ekki áður farið fram á viðkomandi svæði.

Svæðið sem hér er skráð, er innan Bláfjallafólkvangs og nær frá veginum að skíðasvæðinu um þrjá km í vestur. Athuguð var lega fyrirhugaðs vegstæðis, sem nær frá veginum að skíðasvæði Bláfajalla í vestur gegnum Strompahraun að Þríhnúkum. Frá veginum eru til skoðunar tvær leiðir, um 1500 m langar áður en þær renna saman í einn veg sem liggur að Þríhnúkum. Syðra vegstæðið liggur u.þ.b. frá Bláfjallaskála í vestur, en nyrðra vegstæðið liggur allt að 600 m norðar. Eftir að vegirnir renna saman liggur vegurinn í einu vegstæði, sem liggur að fyrirhuguðum göngum inn í gíginn. Sunnan við vegstæðið, er nær dregur Þríhnúkum, er gert ráð fyrir bílastæðum og aðkomuhúsi sem er fyrirhugað þar sem landið byrjar að hækka upp að Þríhnúkum. Skoðað var svæði u.þ.b. 100 metra sitt hvorum megin við bæði vegstæðin.

Vettvangsvinna fornleifaskráningarinnar var gerð í 26. ágúst 2011.

Kortagrunnur vegna vinnu við fornleifaskráninguna er fenginn hjá VSÓ Ráðgjöf.

Fornleifar sem gætu orðið fyrir raski vegna fyrirhugaðara framkvæmda eru hleðslur sem eru í tveimur opum á Langahelli, en hann er allt að 660 m¹ langur þar sem hann liggur í Strompahrauni vestan við Bláfjallaveg. En á þessu svæði eru nokkir hellar eins og Djúpihellir, Rangali og Batahellir svo einhverjir séu nefndir.

Samkvæmt heimildarmanni sem skráð hefur örnefni á skráningarsvæðiu gefa þau ekki til kynna vísbendingar um fornleifar. Örnefna er þó getið hér á eftir í sérstökum kafla: Örnefni.

Undirrituð, Katrín Gunnarsdóttir, tók ljósmyndir skýrslunnar.

Forsíðumyndir sýna Þríhnúka, eitt af hellisopum Langahellis og mynstur sem myndast í moldarfleti.

Myndadiskur fylgir og myndirnar á honum eru númeraðar með sömu númerum og skráðar fornleifar.

Loftmynd af svæðinu sýnir skráningarsvæðið, og eru fornleifar merktar inn á hana með því númeri eins og þær eru merktar í Fornleifaskránni, nr. 101 og 102.

Sérstakar þakkir til Guðlaugs Rúnars Guðmundssonar cand. mag. sem skráð hefur örnefni í landi Kópavogs, fyrir aðgang að örnefnaskránni sem er nú í vinnslu hjá honum.

¹ Hellahandbókin. Bls. 93

TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að menningararfi liðinna kynslóða verði skilað óspilltum til framtíðar, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...]. Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig

má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en nauðsynlegt reynist að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er hvorki æskilegur þeim né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. Þjml.107/2001).

SÖGULEGAR HEIMILDIR

Vatnsendajarðarinnar er fyrst getið í rituðum heimildum í máldaga Viðeyjarklausturs frá árinu 1234. Þar segir að kirkja í Viðey eigi land Elliðavatns að hálfu og allt land að Vatnsenda.²

Vatnsendi er einnig nefndur í skrá yfir eignarjarðir Viðeyjarklausturs árið 1313.³

Í jarðaskrá Björns Lárussonar, *The Old Icelandic Land Registers* (Lund, 1967) er Vatnsendi talinn konungseign, jarðardýrleiki 22 hundruð, landskuld 112 álnir og leigukúgildi fjögur. Í riti Björns Lárussonar eru jarðabækurnar frá 1686 og 1695 birtar.⁴

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 er jarðardýrleiki talinn óviss.⁵

Í Jarðatali Johnsens segir að hinar fornu klausturjarðir séu seldar ásamt öðrum konungsjörðum og stólsjörðum, og var sala Vatnsenda með 4 kúgildum úrskurðuð 11. september 1816 fyrir 1384 rd.

Einnig er getið um að 1847 er jörðin sögð í bændaeign, dýrleiki 22 hundruðustu, landskuld 0.100, kúgildi 4, og ábúendur 1 eigandi.

Jörðin hefur númerið 215 í jarðatalinu og er í Seltjarnarneshreppi.⁶

² Ísl. fornbréfasafn I, bls. 507.

³ Ísl. fornbréfasafn II, bls. 377.

⁴ Guðlaugur R. Guðmundsson: *Land- og örnefnalýsing Vatnsendajarðar*. Úr örnefnaskráningu í landi Kópavogs, óúgefið, í vinnslu.

⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 278.

⁶ Johnsen, J.: *Jarðatal á Íslandi 1847*, bls. 94, 437.

LANDAMERKI

Landamerki Vatnsendajarðarinnar hafa verið nokkuð umdeild og ekki allir á eitt sáttir um túlkun þeirra.

Samkvæmt þriðju grein laganna frá 1882 var eiganda eða umráðamanni hvernar jarðar gert skylt að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarðar sinnar eins og þar var nánar kveðið á um. Merkjalýsinguna skyldi hann sýna hverjum þeim sem land átti til móts við hann og áttu þeir að rita á lýsinguna samþykki sitt, hver fyrir sína jörð nema þeir teldu hana ekki rétta. Að svo búnu skyldi merkjalýsingin fengin sýslumanni í hendur til yfirlesturs á næsta manntalsþingi og þinglesin.⁷

Landamerkjalýsingar Vatnsenda og Elliðavatns 1883 voru ekki gerðar í samræmi við fyrirmæli laganna og ekki þinglesnar.⁸ Þetta var eitt af því sem var neikvætt eiganda Vatnsenda Þorsteini Hjaltested og eiganda Elliðavatns Orkuveitu Reykjavíkur er dómur féll í hæstarétti um afréttarlönd Vatnsenda og Elliðavatns 29. október 2009. Samkvæmt dóminum var úrskurður Óbyggðanefndar frá 31. maí 2006 um þjóðlendu innan ákveðinnar línu á svæðinu staðfestur.⁹ Í dómsorði segir: „Hafnað er kröfum Orkuveitu Reykjavíkur og Þorsteins Hjaltested um viðurkenningu á fullum og óheftum afnotarétti af landsvæði því, sem nefnt er afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna svo sem það kann endanlega að verða skilgreint að virtum rétti annarra sem sýnt geti fram á afnotarétt sinn að svæðinu.“¹⁰

Fram að gildistöku þjóðlendlaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í jarðir, afrétti og almenninga. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum eignarland og þjóðlenda. Óbyggðanefnd segir því í úrskurði sínum að samnotaafréttur sé þjóðlenda. Í niðurstöðu Óbyggðanefndar segir: „Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendlaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu. Þjóðlendlögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð *þjóðlendur* og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.“¹¹

Heimildir 7 - 11 eru fengnar úr riti *Guðlaugs R. Guðmundssonar: Land- og örnefnalýsing Vatnsendajarðar*. Úr örnefnaskráningu í landi Kópavogs, óúgefnið, í vinnslu.

⁷ Sjá landamerkjalög nr. 5/1882.

⁸ Landamerkjalýsing Elliðavatns er dagsett 20. júní 1883 en landamerkjalýsing Vatnsenda 22. maí 1883.

⁹ Í úrskurði óbyggðanefndar 31. maí 2006 var komist að þeirri niðurstöðu að nánar afmarkað svæði á afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna væri þjóðlenda.

¹⁰ Hæstaréttardómur nr. 685/2008. Sjá dóm hæstaréttar 29.10. 2009.

¹¹ *Almennar niðurstöður Óbyggðanefndar með viðaukum*. Óbyggðanefnd. Svæði 1–7A. Sérprentun 8. janúar 2010. Niðurstaðan er á blaðsíðu 59.

Afréttur Vatnsendarjarðar sunnan og austan við Heiðmerkurlandið Landamerki jarðarinnar Vatnsenda að sunnan og austan við Heiðmerkurlandið

Ólafur Ólafsson, eigandi Vatnsenda, lýsti mörkum jarðarinnar í landamerkjadeilu árið 1883: „Þaðan (frá Oddagerðisnesi) greinir bein lína í há Þingnes land Vatnsenda og Elliðavatns og þaðan beint í suður í Stríp á austurjaðri Strípskrauns fyrir ofan svokallaðan Brandskrika og svo í vörðu, sem stendur á hraunbrún fyrir austan Vatnsendakrika og þaðan beina stefnu suður í Kongsfell.“¹²

Í Aðalskipulagi Kópavogs 1988 - 2008 segir: „Mörk í Bláfjöllum og sunnan Heiðmerkur. Frá markagirðingu sunnan Heiðmerkur eftir línu, sem dregin er úr Stríp á Strípskrauni beina stefnu á Stóra-Kóngsfell, frá Stóra-Kóngsfelli til suðausturs í Hákoll og þaðan eftir sýslumörkum til suðvesturs eftir háeggjum í syðstu öxl Bláfjalla að línu, sem dregin er úr *Heiðarkolli* í Þríhnúka. Af suðuröxl Bláfjalla eftir fyrrgreindri línu í Þríhnúka. Af Þríhnúkum beina línu í vörðu á Húsfelli. Af Húsfelli beina stefnu á Hnífhól að Heiðmerkurgirðingu og síðan ræður Heiðmerkurgirðingin til norðausturs að fyrrgreindri markalínu frá Stríp í Stóra-Kóngsfell. Í aðalskipulaginu segir einnig: „Atlasblöð herforingjaráðsins og síðar kortablöð Landmælinga Íslands eru meingölluð að því er varðar hreppa- og sýslumörk og sýna misgamlar útgáfur ósjaldan mörkin á mismunandi vegu. Nú á seinni árum hafa Landmælingar Íslands gert gangskör að því að færa bæja-, hreppa- og sýslumörk inn á kort eftir því sem næst verður komist samkvæmt gömlum heimildum og glöggra manna tilvísan og á stofnunin þakkir skilið fyrir það. Markalýsingum frá síðustu öld ber flestum saman um það, þótt ekki greini þær allar jafn nákvæmlega frá, að sýslumörk Árnessýslu liggi um Bláfjöll austur í Vífilfell eða nálægt Vífilfelli og þá austan við það, eða sunnan við samkvæmt málvenju. Misræmis gætir hins vegar um hvort mörkin til vesturs úr Bláfjöllum liggi í Kóngsfell eða Kistufell eða beina stefnu í Sýslustein undir Geitahlíð, um *Hvalhnúk*.“¹³

Stærsti hluti afréttar Vatnsendalands er svokallað *Kóngsland* sem var sameiginlegt beitarland Innnesjamanna.

Í *Jarðabók* Árna og Páls segir: „Þá kemur Garðastaðarland og selstaða. Þar fyrir norðan tekur til það sem Innnesingar kalla kóngsland, gengur það norður og austur með fjöllum inn að Elliðaám og upp undir Hellirsheiði fyrir ofan Vífilstaði, Urriðakot, Elliðavatn og hina aðra bæina. Er þetta land eigi sjerdeilis kóngsland, þó það so kallað sje, heldur er það so sem afréttur eður óskift land þeirra kóngsjarðanna, sem liggja upp og inn undan Álftanesi.“¹⁴ Þá segir heimildarmaður: Hluti af þessu Kóngslandi er afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna og er hans iðulega getið á 18. og 19. öld. Magnús Már Lárusson segir að sterkar líkur bendi til þess að eigendur Elliðavatns og Vatnsenda hafi talið miðbik Kóngslandsins sitt afréttarland. Um þetta segir Magnús: „Miðað við alla staðhætti mætti geta sér þess til, að mörkin á þessu Kóngslandi hefðu verið Húsfell–Selfjall. Það skal þó tekið fram, að engar sönnur er hægt að færa fram á þessu. Líkurnar eru hins vegar miklar og er þó varla hægt að hagnýta þær“¹⁵

Heimildir 12 - 15 eru fengnar úr riti *Guðlaugs R. Guðmundssonar: Land- og örnefnalýsing Vatnsendarjarðar*. Úr örnefnaskráningu í landi Kópavogs, óúgefið, í vinnslu.

¹² *Sjá Dómabók* fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1886 - 1889.

¹³ *Kópavogur. Aðalskipulag 1988 –2008*. Viðauki 1. Lögsögumörk Kópavogskaupstaðar, bls. 82.

¹⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, bls. 157.

¹⁵ *Sjá* handrit Magnúsar í Héraðsskjalasafni Kópavogs, dagsett. 20. ágúst 1965, 9 blöð. Í safninu er einnig greinargerð Magnúsar Mús frá 7. sept. 1965 um landamerki afréttarlands Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, eignarheimildir á landi og tilkall Kópavogskaupstaðar til hugsanlegs hluta í afréttarlandi Seltjarnarneshrepps hins forna.

Hér nefnir Magnús Már norðvesturmörk Kóngslands og gæti þá suðausturlínan frá Húsfelli fylgt mörkum Vatnsendafréttar. Að austan ráða þá mörkin milli Árnassýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu frá *Bláfjallahorni* í *Hákoll*, um *Bláfjallahrygg* og *Bláfjallagil* í *Vífilsfell*. Þaðan í *Sýslustein* vestan við *Lyklafell*. Norðurmörkin væru þá um *Lyklafellsá* og *Fossvallaá*, í *Sandfell* og *Selfjalli*.

Gamla landamerkjalinan milli Garðalands og Vatnsendalands lá frá *Arnarbæli*, um *Vatnsendaborg*, yfir *Langahjalla* og *Þverhjalla*, um *Hnífhólshjalla*, *Hnífhól*, yfir *Tungur* og *Löngubrekku* (*Biskupsbrekku*), um *Kolhól*, yfir *Helgadalshraun* og í *Húsfell*. Strípshraun er nyrsti hluti mikils hraunfláka sem teygir sig í norður inn í *Heiðmörk* og nefnist *Húsfellsbruni*. Syðst á þessum mikla fláka er *Tvíbollahraun*. Húsfellsbruninn er því feikilegt hraunsvæði sem markað er af *Kolhóli*, *Húsfelli*, *Þríhnúkum*, *Stóra-Kóngsfelli*, *Rauðuhnúkum*, *Sandfelli* og *Selfjalli*.

Skíðasvæðið í Bláfjöllum

Bláfjallafólkvangur var friðlýstur árið 1973. Hann er um hundrað ferkílómetrar að stærð. Að stofnun fólkvangsins stóðu sveitarfélögin Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes og Selvogur. Þremur árum síðar bættust Hafnarfjörður, Garðabær og Selvogur í hópinn. Árið 1984 bættust sex önnur í hópinn: Bessastaðahreppur, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppur, Gerðahreppur og Vogar. Stór hluti af vesturhluta fólkvangsins er á afrétti Vatnsenda og nyrsti hluti hans innan afréttar Lækjarbotna.

Samkvæmt auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum nr. 173/1985 er núverandi skíðasvæði og fyrirhugaðar framkvæmdir innan fólkvangsins. Mörk hans eru 1) Úr kalli Vífilsfells 2) Hákoll 3) í Kerlingarhnjúk 4) í (Litla) Kóngsfell 5) í Bollann við Grindarskörð 6) í horn Heiðmerkurgirðingar við Kolhól 7) með Heiðmerkurgirðingu í punkt, þar sem hún sker línu milli Stríps og Stóra Kóngsfells 8) Sandfell, norð-vestur af Rjúpnadölum, í koll Vífilsfells.

Frá Stóra-Kóngsfelli liggur landamerkjalinan afréttarins við Drottningu og *Eldborg* að Hákalli sem áður var talinn hæsti hnúkur Bláfjalla (685 m) en við síðari mælingar hefur komið í ljós að hnúkurinn upp af *Kóngsgili* er hærri, 702 m á hæð. Þaðan er merkjalínan suðvestur í *Bláfjallahorn* við suðausturmörk afréttar Garðabæjar og Bessastaðahrepps (Álftanesbæjar), vestan við *Kerlingarhnúk* og sunnan við *Strompa*.

Í lýsingu á afréttarlandi Seltjarnarneshrepps og Álftaneshrepps frá 1849 segir að mörkin séu á Húsfelli upp á Þríhnúka, þaðan í suðurenda Bláfells, en á milli Gullbringu- og Árnassýslu af Bláfjöllum vestur á Kistufell.¹⁶

Skíðasvæðið afmarkast í norðri af sveitarfélagsmörkum Kópavogs og Reykjavíkur, í austri af sveitarfélagsmörkum Kópavogs og Sveitarfélagsins Ölfuss, í suðri af sveitarfélagsmörkum Kópavogs og Garðabæjar og Bessastaðahrepps. Í vestri nær afmörkunin út fyrir Bláfjallaveg (nr. 417) sem liggur frá Suðurlandsvegi að Bláfjallasvæðinu. Bláfjallavegur liggur þvert yfir afrétt Vatnsenda norðan við *Kristjánsdalahorn* (325 m), Þríhnúka og Stóra-Kóngsfell. Frá Bláfjallahorni liggur markalínan milli Kópavogskaupstaðarlands annars vegar og afréttar Garðabæjar og Bessastaðahrepps (Álftanesbæjar) hins vegar yfir *Kóngsfellshraun* og *Kristjánsdalahorn* í Þríhnúka.

Heimild 16 er fengin úr riti *Guðlaugs R. Guðmundssonar: Land- og örnefnalýsing Vatnsendajarðar*. Úr örnefnaskráningu í landi Kópavogs, óúgefið, í vinnslu.

¹⁶ Sjá *Veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu*, ltr. C, no 81, bls. 80.

ÖRNEFNI

Þríhnúkar eru vestan við *Stóra-Kóngsfell* (602 m) og austan við *Kristjánisdali*. Eldstöðin *Þríhnúkar* hefur gosið tvisvar á nútíma. Eins og nafnið bendir til eru hnúkarnir þrír, tveir eru nútímagosmyndanir en einn er úr móbergi. Þriðja og austasta gíginn kallaði Jón Jónsson jarðfræðingur *Svartholið*. Um hann segir Jón Jónsson : „Hann er risavaxinn strompur sem nálgast skal með varúð og ætti raunar að girða af svo hættulegur sem hann er ef ekki er varlega farið. Hann er op mikið (upprunalega hafa þau verið tvö) niður í hina skuggalegu undirveröld gosstöðvanna með ókleifa gígveggi sem hallar fram yfir sig. Sagt er að gímaldið sé um 110 m djúpt.“¹⁷ *Þríhnúkahali* er hár eldhryggur við *Þríhnúka*.

Algengustu nöfnin á *Þríhnúkum* eru: *Vesturhnúkur* (*Háhnúkur*), *Miðhnúkur* og *Þríhnúkagígur* (*Holhnúkur*). Á skilti við *Þríhnúkagíg* segir: „*Þríhnúkagígur* er dýpsta og næststærsta myndun sinnar gerðar í veröldinni.

Austasti hnúkur *Þríhnúka* sem oftast er einungis nefndur *Þríhnúkagígur*, er eitt mesta náttúruundur Íslands. Að líkindum er gíghellirinn inni í honum einn sá stærsti sinnar tegundar í heiminum. Jón Jónsson jarðfræðingur kallaði hellinn *Svartholið* eins og fyrr segir en algengasta nafnið í dag er *Þríhnúkahellir* eða *Gíghellirinn í Þríhnúkum*. Þar sem ekki er langt síðan menn fóru að rannsaka þetta náttúruundur hafa nöfnin, sem menn hafa verið að gefa þessum kennileitum á *Þríhnúkasvæðinu*, ekki fengið festu. Menn hafa einnig nefnt *Þríhnúkahelli Holuna* eða *Gatið í Þríhnúkum*. Árni B. Stefánsson kom með þá uppástungu að kalla *Vesturhnúkinn Háhnúk*. *Miðhnúkur* var að hans áliti gott nafn á hnúkinn í miðjunni en norðausturhnúkinn, sem venjulega er nefndur *Þríhnúkagígur*, vildi hann kalla *Holhnúk*. Hrauntjörnina í gígskál *Þríhnúkahrauns* nefnir hann *Spöngina*. *Holhnúkur* stendur því við austurbrún Spangarinnar. Efsta hluta gosrásarinnar í hnúknum nefnir hann *Stút*.¹⁸

Jón Jónsson jarðfræðingur gaf stökum gíg úr gjalli og hraunkleprum nafnið *Eyra* enda er það eins og mannseyra utan í fjallinu norðaustur af *Þríhnúkum*. Norðan við *Eyra* er Bláfjallavegurinn ofan við *Húsfellsbruna*. Gígurinn er opinn móti norðri og þar hefur hraun runnið út en það hverfur strax undir hraun úr *Kóngsfellsgígum*. Jón Jónsson taldi að Strípshraun væri komið frá þessari eldstöð. Árni Hjartarson jarðfræðingur telur að hraunið frá eldstöðinni hafi þakið um tólf ferkílómetra.¹⁹

Þríhnúkagígur er á gosrein með nokkrum samsíða gígaröðum sem ná yfir um 500 m breitt gil og síðan eru 750 m austur að næstu gosrein sem byrjar við *Kóngsfell*. *Vesturhnúkur*, *Miðhnúkur* og *Þríhnúkagígur* eru á móbergshrygg með norðaustur – suðvestur stefnu.

Þríhnúkahraun eldra og *Þríhnúkahraun yngra* eru merkustu gosmenjar á svæðinu. Yngra *Þríhnúkahraunið* er hugsanlega runnið eftir landnám en hitt er eldra að áliti Jóns Jónssonar jarðfræðings. Utan í fjallsöxlinni norður af *Þríhnúkum* er gígaröð sem nær upp á fjallsbrún og niður að *Kóngsfellshrauni* og kallaði Jón Jónsson *Brínagíga*. Þótt mest beri á móbergi og bólstrabergi á *Þríhnúkasvæðinu* kemur grágrýti fram á nokkrum stöðum.

Þá segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1985: Gangnamenn frá Reykjavík fóru með Bláfjöllum að vestanverðu nefndu flatlendið milli Bláfjalla, Strompa, Stóra Kóngsfells, Drottningar og Eldborgar *Hvilft*. Gangnamenn töluðu um „að fara suður að *Hvilft*“.²⁰

Heimildir 17 - 19 eru fengnar úr riti *Guðlaugs R. Guðmundssonar: Land- og örnefnafrýsing Vatnsendajarðar*. Úr örnefnaskráningu í landi Kópavogs, óúgefið, í vinnslu.

¹⁷ Sjá *Árbók Ferðafélags Ísland* 1985, bls. 69.

¹⁸ Árni B. Stefánsson: „*Þríhnúkagígur*“, bls. 229-242.

¹⁹ Árni Hjartarson: „Jarðfræði Kópavogs“, bls. 39.

²⁰ Tómas Einarsson: „Bláfjöll“, bls. 43-44.

*Áfangar nr. 23 1986: : Gígabyrpingin vestan undir Bláfjöllum kallast Strompar. Strompar mynda hæðirnar sem blasa við fyrir vestan Suðurgilið í Bláfjöllum. Strompahraun hefur flætt frá þeim til norðurs og vesturs. Í hrauninu sem runnið hefur frá Strompum hafa fundist nokkrir hellar. Sá lengsti þeirra kallast Langihellir og er um 200–300 metrar en hinir eru styttri. Hellismunnarnir eru frekar vandfundnir en flestir eru þeir í hrauninu út frá bílastæðinu við Kóngsgil í stefnu á Þríhnúka.*²¹

Í örnefnaskrá Guðlaugs R. Guðmundssonar segir: Gígar suðvestur frá Þríhnúkum eru flestir í landi Garðabæjar en nyrsta tota gígaraðarinnar teygir sig inn fyrir mörk Kópavogs. Eystri hluti gígaraðarinnar hefst suður af Þríhnúkum og liggur eftir grágrýtisgígnum *Spori* endilöngum, yfir móbergs-grágrýtishæð þar vestur af og endar loks í nokkrum gígahrúgöldum niðri á hraunsléttunni suður af Stórabolla. Austan við Spor er gígaröðin mest áberandi og þar hefur mesta hraunrennslið verið. Smágígar eru inni í Spori í þessari sömu sprungu og hraun frá þeim þekkja botn þess.²² Spor er rétt sunnan við merki Kópavogs og því í landi Garðabæjar.

Kóngsfellin

Heimildarmaður greinir svo frá: Kóngsfell það sem Ólafur Ólafsson nefnir 1883 er að líkindum fellið sem nú er nefnt *Stóra-Kóngsfell*, austan við *Þríhnúka*. Stóra-Kóngsfell er úr móbergi og bólstrabergi. Það er klofið að endilöngu af tveimur sprungum. Sú þeirra sem liggur norðar hefur gosið hrauni. Megingígarnir eru við suðvesturendann á fellinu. Smágígar teygja sig upp í norðurhlíð fjallsins.

Þó nokkurs nafnaruglings gætir varðandi Kóngsfellsnöfnin. Skammt suðaustan við Stóra-Kóngsfell er minna fell sem fjárbændur í Seltjarnarneshreppi og víðar nefndu ætíð *Litla-Kóngsfell*. Fellið hefur nú á síðari árum verið nefnt *Drottning*.

Lítið fell suðvestur af *Stórkonugjá* er nefnt Kóngsfell á kortum Landmælinga og einnig Litla-Kóngsfell. *Kóngsfell (Litla-Kóngsfell)* vestan við Stórkonugjá og austan *Draugahlíða* var mikilvægt landamerki á 19. öld fyrir Grindavíkuregg, Selvogshrepp og Ölfushrepp. Þetta má sjá í „Lýsingu Selvogssþinga 1840“ eftir séra Jón Vestmann og einnig í „Lýsingu Arnarbælisþinga 1840“ eftir séra Jón Matthíasson. Í lýsingu Jóns Vestmanns segir: „Þaðan [frá Geitafelli] eru téð takmörk upp í Heiðina háu, sem er afréttur Selvogssveitar, Þorlákshafnar og vestustu bæja í Hjallasókn. ... Þaðan er takmark þvert vestur í *Kóngsfell*, sem hefir nafn af því, að fjallkóngur í Selvogi skipti þar á haustum fólki í fjárleitir. Þaðan sjónhendingu vestur til Brennisteinsfjalla.“

Lýsing Arnarbælisþinga 1840 eftir séra Jón Matthíasson staðfestir hið sama þegar hann er að lýsa takmörkum Ölfuss og Selvogs: „Á bergi við sjó fram er hellir, er nefnist *Víðarhellir*; þaðan ræður bein stefna til útnorðurs upp til *Selvogsheiðar*, þaðan í sömu átt til *Geitafells*, síðan norður í *Heiðina há* og seinast í *Kóngsfell*. Þaðan beygist stefnan til norðurs yfir þveran *Grindarskarðaveg*, eftir endilöngum Bláfjöllum, allt til Vífilfells.“

Mikill ruglingur hefur síðan orðið á merkjum á þessum slóðum og er mikið mál að greiða úr þeim málum. Svo virðist sem þeir menn sem eru að fjalla um þessi mál í dag fyrir dómstólum hafi ekki lesið hinar nákvæmu lýsingar sem gerðar voru á fyrri hluta 19. aldar á merkjum milli Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og Árnessýslu hins vegar.

Kóngsfell (Stóra-Kóngsfell) sem Ólafur Ólafsson, bóndi á Vatnsenda, nefnir í lýsingu sinni 1883 sem syðsta og austasta punkt Vatnsendajarðar er því hið gamla hornmark hins forna

²¹ Tómas Einarsson: „Bláfjallafölkvangur og nágrenni.“ Áfangar nr. 23 1986.

²² Sjá m. a. Jón Jónsson: *Jarðfræðikort af Reykjanesskaga I. Skýringar við jarðfræðikort*, bls. 190–193. *Jarðfræðikort* 1:25 000 BI 10,13,14. Orkustofnun. OS JHD 7831. Apríl 1978; Árni Hjartarson: „Jarðfræði Kópavogs“, bls. 38–41.

Seltjarnarneshrepps, Grindavíkurhrepps og Selvogshrepps. Þar sem það er mikilvægt kennimerki í hinu forna Kóngslandi má ætla að Danakonungur eigi hlutdeild í því nafni en fjallkóngurinn í Selvogi aftur á móti í *Kóngsfellinu* (Litla-Kóngsfelli) austan við Draugahlíðar þar sem fólki var skipt í fjárleitir. Danakonungur á einnig hlutdeild í því *Litla-Kóngsfelli* sem er skammt austan við Stóra-Kóngsfell en nú er nefnt *Drottning*. Drottning er stuttur móbergshryggur um 510 m á hæð. Nafnið mun vera nýlegt. Tómas Einarsson telur að nafnið stafi af nálægðinni við Stóra-Kóngsfell. Jón Jónsson jarðfræðingur var með þá kenningu að Stóribolli (Bollahnúkur, Bollinn) væri Kóngsfellið sem venjulega er nefnt Litla-Kóngsfell við Selvogsgötu og studdi þessa kenningu sína með tilvitnun í dagbók Guðmundar G. Bárðarsonar frá 18. ágúst 1931. Stóribolli er viðmiðunartindur margra fiskimiða í Faxaflóa og er hann þá oftast nefndur Bollinn eða Bollahnúkur.²³

²³ Guðlaugur R. Guðmundsson: *Land- og örnefnalýsing Vatnsendajarðar*. Úr örnefnaskráningu í landi Kópavogs, óúgefið, í vinnslu.

FORNLEIFASKRÁNING

101



Horft til suðurs að opinu.



Horft til vesturs að opinu.

- Sérheiti:** Langihellir.
- Hlutverk:** Fjárskjól.
- Tegund:** Hleðsla.
- Staðsetning:** N: 63°59.090 V: 21°39.896
- Ástand:** Lélegt.
- Hættumat:** Mikil hætta.
- Hættuorsök:** Vegagerð.
- Staðhættir:** Um 600 m vest-suðvestur frá veginum framan við skíðaskála Breiðabliks er hellisskúti í einu af opum Langahellis, sem hugsanlega hefur verið notaður við fjárbúskap. Hellirinn er opin til norð-norðvesturs. Skilti er nokkra metra sunnan við opið, sem á stendur Langihellir.
- Lýsing:** Op hellisskútans er um 7 m langt, og hæðin fremst um 3-4 m, en lækkar þegar innar dregur og þrengist. Frá austurvegg skútans er náttúruleg steinaröð. Framan við hana rétt innan við hellisopið liggur önnur óreglulega löguð steinaröð, sem er um 3-4 m löng og liggur að vesturhlið skútans. Steinarnir liggja inn að miðju opi skútans og síðan kemur bil yfir að náttúrulega gerðum austurvegg hans. Bilið er um 0.50 m breitt og liggur aðeins lægra en steinarnir. Þetta gæti vel verið manngerð hleðsla sem myndar afmörkun á inngangi í hellinn. Steinastærð er um 0.25-0.40 m.
- Aðrar upplýsingar:** Langihellir er lengstur Bláfjallahella. Hann er um 660 m langur og liggur nokkurn veginn norður-suður í landinu. Langihellir er með nokkrum opum, og er ekki fært eftir öllum hellinum neðanjarðar. Megin hellirinn er um 300 m langur. Þar er slétt gólf og þægilegt að ganga. Út frá megin rásinni ganga nokkrir afhellar sem flestir tengast henni aftur. Breidd hellisins er víða um undir tíu metrar og lofthæðin um þrír metrar.
- Heimild:** Björn Hróarsson 2008. Hellahandbókin: “Leiðsögn un 77 íslenska hraunhella”. Bls.93. Mál og menning, Reykjavík 2008.



Horft til suðurs,
garðlagið þvert fyrir miðri mynd.



Horft til suðsuðvesturs að hellinum.

Sérheiti:	Langihellir.
Hlutverk:	Garðlag.
Tegund:	Hleðsla.
Staðsetning:	N: 63°59.173 V: 21°39.704
Ástand:	Sæmilegt.
Hættumat:	Lítil hættu.
Hættuorsök:	Vinnuvélar við vegagerð.
Staðhættir:	Um 200 m norðaustur af punkti 101 er helliskúti við annað af opum Langahellis, sem ætla má að notaður hafi verið sem fjárskjól, þótt ekki séu beinar vísbendingar í skútanum. Það sem er styður það er garðlag sem liggur um 12 m frá opinu þvert á opið, og afmarkar svæðið fyrir framan skútann. Skilti er nokkra metra sunnan við opið sem á stendur Langihellir.
Lýsing:	Garðlagið er um 6 m langt, og hæð um 0.40 m fyrir miðju, en um 0.60 m við veggj opsins. Garðlagið er grasivaxið, en stakir steinar liggja ofan á. Ekki er hægt að merkja hleðslur, en það er þó vel afmarkað í landinu. Það liggur þvert yfir jarðfallið og afmarkar svæðið frá hellisskútanum að því. Frá skútanum og garðlaginu heldur jarðfallið áfram til austurs með þremur náttúrulegum steinbrúm sem liggja með nokkra metra millibili yfir opið.
Aðrar upplýsingar:	Langihellir er lengstur Bláfjallahella. Hann er um 660 m langur og liggur nokkurn veginn norður-suður í landinu. Langihellir er með nokkrum opum og er ekki fært eftir öllum hellinum neðanjarðar. Megin hellirinn er um 300 m langur. Þar er slétt gólf og þægilegt að ganga. Út frá megin rásinni ganga nokkrir afhellar sem flestir tengast henni aftur, Breidd hellisins er víða um undir tíu metrar og lofthæðin um þrír metrar.
Heimild:	Björn Hróarsson 2008. Hellahandbókin: “Leiðsögn un 77 íslenska hraunhella”. Bls.93. Mál og menning, Reykjavík 2008.

NIDURSTÖÐUR

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram.

Númer í sviga í eftirfarandi texta vísa til númera í fornleifaskráningunni.

Talið er að að leiða megi líkur að því, án þess þó að hægt sé að færa sönnur á því, að landið sem skráningarsvæðið liggur um hafi talist til afréttar allt frá 1703, eins og það er skráð í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Við Fornleifaskráninguna voru engin örnefni sem vísa beint á fornleifar á skráningarsvæðinu, en örnefna sem tengast Þríhnúkum er getið í sérstökum kafla (bls. 10-12) þótt þau komi ekki skráningarsvæðinu beint við.

Ef tekið er mið af því sem segir í skrifuðum heimildum um landsvæðið sem afrétt, og þar sem þeirra tíma menn voru útsjónarsamir að nýta sér það sem í landinu var fyrir til að aðlaga það viðeigandi þörf, má ætla að þar hafi verið fé og að því fylgt einhver umsjá. Þá var með smá hleðslu hægt að gera marga til að halda fé á réttum stöðum. Við það hafa eflaust allir þessir hellar í Stropahrauni komið að góðum notum.

Á skráningarsvæðinu sem nær yfir fyrirhugað vegstæði, sem liggja á að bílastæði og aðstöðuhúsi ásamt jarðgangamunna, voru skráðar tvær fornleifar sem gætu verið í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Hleðsla (101) sem er í einum af opum Langahellis. Hleðslurnar eru ekki vel afmarkaðar, en leiða má líkur að þarna hafi verið fjárskjól. Hellisopið er þétt við syðra vegarstæðið sem er til skoðunar, og er þá í mikilli hættu vegna vegagerðar.

Garðlag (102) er einnig í einum af opum Langahellis. Garðlag sem afmarkar um 12 m langt grasivaxið svæði frá hellisskúta sem liggur að garðlaginu. Garðlagið er ekki í beinni hættu vegna vegagerðar.

SAMANTEKT

Á fyrirhuguðu svæði sem ætlað er fyrir vegstæði vegna aðgengis að Þríhnúkum eru skráðar tvær fornleifar sem báðar eru staðsettar í Langahelli. Fornleif nr. 101 er í beinni hættu af hugsanlegri vegagerð. Fornleif nr. 102 er ekki í beinni hættu.

Ætla má að framkvæmdum verði hagað þannig að Langihellir og aðrir hellar á svæðinu verði fyrir sem minnstu raski, því þarna er um einstakt svæði að ræða, og væri miður ef heildaryfirbragði þess yrði raskað.

Ekki hefur verið fast ákveðið hvar vegstæðið mun endanlega liggja í landinu. Þegar sú ákörðun liggur fyrir, kemur í ljós hvar fyrirhugaðir göngustígar verða lagðir. Þá verður að skoða þær leiðir út frá fornminjum sem gætu leynst á þeim svæðum.

Hafa ber í huga ofangreind þjóðminjalög við allar framkvæmdir á svæðinu.

HEIMILDASKRÁ

Ritaðar heimildir:

Árbók Ferðafélags Ísland 1985, bls. 69.

Árni Hjartarson: „Jarðfræði Kópavogs“, bls.38-41. Í Saga Kópavogs. Saga lands og lýðs á liðnum öldum. Ritstj. Árni Waag. Kópavogur 1990.

Árni Magnússon og Páll Vídalín: Jarðabók III. bindi, bls. 157 og 278. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Árni B. Stefánsson: „Þríhnúkagígur“, bls. 229-242. Náttúrufræðingurinn 61. árg. 3-4 hefti 1992.

Björn Hróarsson 2008: Hellahandbókin: “Leiðsögn un 77 íslenska hraunhella”, bls.93. Mál og menning, Reykjavík 2008.

Dómabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1886 - 1889.

Guðlaugur R. Guðmundsson: Land- og örnefnalýsing Vatnsendajarðar. Úr örnefnaskráningu í landi Kópavogs, óúgefið, í vinnslu.

Hæstaréttardómur nr. 685/2008.

Íslenskt fornbréfasafn I, bls. 507.

Íslenskt fornbréfasafn II, bls. 377.

Johnsen, J.:Jarðatal á Íslandi 1847, bls. 94, 437. Kaupmannahöfn 1847.

Jón Jónsson: Jarðfræðikort af Reykjanesskaga I. Skýringar við jarðfræðikort, bls. 190–193.

Kópavogur: Aðalskipulag 1988 –2008. Viðauki 1. Lögsögumörk Kópavogskaupstaðar, bls. 82.

Landamerkjalog nr. 5/1882.

Magnús Már Lárusson: Handrit í Héraðsskjalasafni Kópavogs, 20. ágúst 1965, 9 blöð.

Orkustofnun: Jarðfræðikort 1:25 000 BI 10,13,14. OS JHD 7831. Apríl 1978;

Óbyggðanefnd: Úrskurður óbyggðanefndar 31. maí 2006.

Óbyggðanefnd: Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum. Svæði 1–7A. Bls. 59. Sérprentun 8. janúar 2010.

Tómas Einarsson: „Bláfjöll“, bls. 43-44. Árbók Ferðafélags Íslands 1985.

Tómas Einarsson: „Bláfjallafólkvangur og nágrenni.“ Áfangar nr. 23 1986.

Veðmálalabók Gullbringu- og Kjósarsýslu, ltr. C, no 81, bls. 80.

Heimildarmaður:

Guðlaugur R. Guðmundsson cand. mag. Kt. 050738-3619.



